**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 7. bekkur**
**skólaárið 2023 – 2024**

**Kennari:** Þórunn Katla Tómasdóttir
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið<br>Nemandi geti: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann.** | Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.<br><br>Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.<br><br>Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.<br><br>Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. | Umræðu- og spurnaraðferðir eru notaðar til þess að þjálfa samræður og gagnrýna hugsun. Kennari les námsefnið fyrir nemendur og skapar umræður um efnið. Saman finnum við aðalatriðin úr textanum og ræðum þau sérstaklega. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Í hópavinnu skiptast nemendur á skoðunum og rökræða.<br><br>Evrópa<br>Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum heimsálfuna Evrópu og helstu auðlindir hennar. Þá er fjallað um landshætti, gróðurfar, atvinnuhætti, auðlindir og orku, umhverfismál, samgöngur og fjölbreytt mannlíf auk Evrópusamvinnu (ESB, EFTA, Schengen o. fl.) | Fjölbreytt verkefni ,kahoot og hópavinna úr Evrópu<br><br>Bræðingsverkefni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.<br><br>Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.<br><br>Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.<br><br>Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.<br><br>Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.<br><br>Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.<br><br>Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.<br><br>Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagskipulagi og þjóðfélagshreyfingum. | | |
| **Hugarheimur – sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.** | Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.<br><br>Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.<br><br>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess. | Þeir þættir lykilhæfninnar sem hér eru þjálfaðir eru: Skapandi og gagnrýnin hugsun, tjáning og miðlun og sjálfstæði og samvinna. | -Sjálfmat<br>-hópavinna<br>-þátttaka í umræðum |
| **Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.** | Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br><br>Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br><br>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu og samvinnu við aðra. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.<br><br>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br><br>Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. | | |

**Námsgögn:**
Evrópa, ég notaði lesbók en sleppti vinnubók
Með okkar augum - þættir
Ég og sjálfsmyndin
Bræðingur
Ýmsar aðrar umræður, kahoot, myndbönd

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.

# Kennsluáætlun skólaárið 2022-2023

**Bekkur:** *7. JP* **Námsgrein:** *Samfélagsfræði*

***Námsefni***: *Evrópa, lesbók og vinnubók, Miðaldafólk á ferð, Ég og sjálfsmyndin og myndbönd*
***Námsmat***: *Símat, verkefnvinna, hópverkefni og virkni í tímum.*

| Tímabil | Námsefni / yfirferð / markmið | Námsmat | Fj. kest. |
|---|---|---|---|
| *Ágúst - september* | Evrópa, lesbók og vinnubók | Símat | *4 kest á viku* |
| *Október* | Evrópa, lesbók og vinnubók | Símat<br>Hópverkefni | *4 kest á viku* |
| *Nóvember* | Evrópa, lesbók og vinnubók | Símat | *4 kest á viku* |
| *Desember* | Ég og sjálfsmyndin | Símat<br>Hópverkefni | *4 kest á viku* |
| *Janúar* | Ég og sjálfsmyndin | Símat | *4 kest á viku* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Febrúar* | Ég og sjálfsmyndin | Símat<br>Hópverkefni | *4 kest á viku* |
| *Mars* | Miðaldafólk á ferð | Símat | *4 kest á viku* |
| *Apríl – maí* | Miðaldafólk á ferð | Símat<br>Hópverkefni | *4 kest á viku* |

Dags. ________________________

________________________________________ Kennari

________________________________________ Stjórnandi